



**Sjálfsmatsskýrsla**  
**Fjölbrautaskólans**  
**í Garðabæ**

**Skýrsla um**

# **Sjálfsmat FG**

**2016 – 2017**

**Unnin haustið 2017**

**-rafræn útgáfa-**

	BLS.
<b>1. INNGANGUR</b>	<b>1</b>
<b>2. MAT Á SKÓLASTARFI</b>	<b>1</b>
<b>3. MARKMIÐ</b>	<b>2</b>
<b>4. SKÓLANÁMSKRÁ FG</b>	<b>5</b>
<b>5. YFIRLIT SJÁLFSMATS</b>	<b>6</b>
5.1 Námsárangur	9
5.2 Kennslukannanir meðal nemenda	9
5.3 Viðhorf nemenda	11
5.4 Forvarnir	12
5.5 Starfsmannasamtöl	12
5.6 Líðan starfsmanna	12
5.7 Próf og prófagerð	13
5.8 Kennsluáætlanir	13
5.9 Námsnetið	13
5.10 Endurmenntun kennara	14
5.11 Umsjónarkerfið	17
5.12 Úttekt á námsgrein - erlend mál	18
5.13 Námsráðgjöf	25
5.14 Skýrslur kennslustjóra	29
<b>6. LOKAORÐ</b>	<b>30</b>

## 1. INNGANGUR

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ var formlega stofnaður 1. ágúst 1984. Aðdragandi að stofnun skólans var nokkur, en árið 1978 voru stofnaðar framhaldsdeildir við Garðaskóla og nefndar Fjölbrautir Garðaskóla. Nemendur gátu lokið tveggja ára námi en urðu síðan að leita til annarra skóla. Framhaldsdeildunum óx fiskur um hrygg, því frá því að vera með um 180 nemendur stunda nú yfir 700 nemendur nám við skólann.

Skólinn starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla og er áfangaskóli. Í lögum um framhaldsskóla kemur fram í 2. grein að hlutverk framhaldsskólans sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi. Einnig eigi framhaldsskólinn að búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu og frekara nám. Færni nemenda í íslensku máli, töluðu og rituðu, skuli efla, svo og siðferðisvitund, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi. Jafnrétti og gagnrýnin hugsun skulu þjálfuð og svo er hlutverk framhaldsskólans að kenna nemendum að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja þá til þekkingarleitar. Ljóst má vera að framhaldsskólinn er mikilvægur í þroskaferli nemenda og máli skiptir að hann ræki hlutverk sitt af einurð og festu.

Auk þessara almennu markmiða leitast Fjölbrautaskólinn í Garðabæ við að vera virkt afl í menningarlífi Garðabæjar. Skólinn hefur allengi verið í nánu samstarfi við Garðaskóla um fyrirkomulag sveigjanlegra skólaskila og í þeim tilgangi að efla þessi tengsl og bæta við öðrum skólum í nærumhverfinu sem nú bjóða upp á kennslu í 10. bekk hafa fundir verið haldnir og samræða kennara milli skólastiga hefur eflst.

Starfsemi Fjölbrautaskólans í Garðabæ er mótuð í samræmi við stefnuskrá skólans. Hún er birt á [heimasíðu skólans](#). Stefnuskrá Fjölbrautaskólans í Garðabæ er tekin til endurskoðunar með reglulegu millibili. Endurskoðun stefnuskrárinnar er í höndum samráðsfundar stjórnenda, kennarafundar, skólaráðs og skólanefndar.

Skólinn hefur á tímabilinu haustið 2016 til og með haustannar 2017 gengið í gegnum miklar mannabreytingar. Kristinn Þorsteinsson skólameistari var í námsleyfi veturinn 2016-2017. Elísabet Siemsen gegndi starfi skólameistara þann vetur og Snjólaug Elín Bjarnadóttir gegndi stöðu aðstoðarskólameistara.

## 2. MAT Á SKÓLASTARFI

Í 40. gr. VIII. kafla laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla er ákvæði um mat á skólastarfi og eftirlit með gæðum. Þar er megináhersla lögð á sjálfsmat skóla. Samkvæmt lögunum skulu framhaldsskólar innleiða sjálfsmat í þeim tilgangi að leggja mat á starfsemi sína. Þeim er í sjálfsvald sett hvaða aðferðum þeir beita við sjálfsmatið. Sjálfsmatsskýrslur FG eru birtar á [heimasíðu skólans](#).

Mati á skólastarfi er yfirleitt skipt í innra og ytra mat. Með innra mati (41. gr.) er átt við sjálfsmat stofnunar, þ.e. metið er með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins, unnið af starfsmönnum hennar og ýmsum öðrum sem tengjast starfsemiinni. Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi stofnunar sem unnin er af utanaðkomandi aðilum. Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Attentus ehf að gera úttekt á starfsemi skólans árið 2013. Lokaskýrsla þeirrar úttektar er birt á [heimasíðu skólans](#).

Sjálfsmat er ein leið til þess að miðla þekkingu og upplýsingum um skólastarf. Sjálfsmat skóla er markmiðstengt og á að draga fram sterkar og veikar hliðar skólans. Megintilgangur þess er að gera starfsfólki skóla auðveldara að vinna að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum. Þetta á jafnt við um markmið og áherslur í lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og þau markmið sem skólarnir hafa sett fram í skólanámskrám. Um leið skapar sjálfsmat faglegan grundvöll fyrir umbætur. Með sjálfsmati fer fram víðtæk gagnaöflun um skólastarfið sem veitir upplýsingar um í hve miklum mæli árangur skólastarfsins er í samræmi við markmið. Sjálfsmat er ekki unnið í eitt skipti fyrir öll heldur þarf það stöðugt að vera í gangi. Það er langtímamiðað en ekki einangruð aðgerð. Í sjálfsmatsskýrslu skóla þarf m.a. að vera ítarleg lýsing og greining á markmiðum og starfi skólans. Jafnframt er mikilvægt að í sjálfsmatsskýrslu skóla komi fram tillögur að úrbótum.

Í skólanum eru gerðar margvíslegar kannanir meðal nemenda og starfsmanna þar sem spurt er um ýmislegt sem varðar kennsluna, líðan nemenda, stjórnunarhætti í skólanum og hugmyndafræði hans, aðbúnað nemenda og starfsmanna, álit nemenda og kennara á námsáföngum sem kenndir eru, árangur skólastarfsins svo og traust og ánægju hagsmunaaðila. Heildarniðurstöður allmargra þessara kannana hafa birst í sjálfsmatsskýrslum fyrri ára og einnig nú. Sjálfsmatsskýrslur hafa verið gefnar út og settar á heimasíðuna.

Skýrt skal tekið fram að í þessari sjálfsmatsskýrslu eru aðeins helstu niðurstöður sem fram komu við úrvinnslu þeirra gagna sem sjálfsmatið tekur til.

### 3. MARKMIÐ

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ er áfangaskóli sem býður upp á fjölbreytt nám á framhaldsskólastigi sem getur þjónað ólíkum þörfum ungs fólks. Boðið er upp á eftirtaldar [námsbrautir](#) samkvæmt nýrri námskrá: Bóknámsbrautir til stúdentsprófs: alþjóðabraut með þremur mismunandi sviðum (alþjóðasamskiptasviði, menningarsviði, viðskiptasviði); félagsvísindabraut; hönnunar- og markaðsbraut; náttúrufræðibraut með tveimur mismunandi sviðum (heilbrigðissviði og tæknisviði) og viðskiptabraut með tveimur mismunandi sviðum (hagfræðisviði og viðskiptasviði). Auk þess býður skólinn upp á tvær sérhæfðar brautir til stúdentsprófs: íþróttabraut og listnámsbraut með fjórum mismunandi sérhæfðum áherslum (fata- og textílhönnunarsviði, leiklistarsviði, myndlistarsviði og tónlistarsviði í samvinnu við tónlistarskóla). Auk þess eru [eldri námsbrautir](#) enn í gildi fyrir þá nemendur sem innrituðust á þær.


Auk ofantaldra brauta er unnið að því að hanna styttri brautir í samræmi við heildarendurskoðun námsframboðs samkvæmt lögum frá 2008. Þessar brautir munu heita menntabraut og framhaldsskólabraut. Vonumst við til að þær verði samþykktar í ársbyrjun 2018.

Öflug starfsbraut er starfandi við skólann. Það er markmið skólans að bjóða nemendum upp á bestu þjónustu sem völ er á og fyrsta flokks nám óháð getu hvers og eins. Markmiðum sínum hyggst skólinn ná með öflugum, vel menntuðum og samstíga kennarahópi, jákvæðu starfsfólki og nemendum sem kosið hafa að stunda hér nám. Búið er að samþykka [námskrá brautarinnar](#) en hún var samþykkt á vorönn 2017.

Samkvæmt talningu skólans voru 917 nemendur á haustönn 2016 og 836 á vorönn 2017. Inni í þessum tölum eru dagskólanemendur, fjarnámsnemendur og nemendur í síðdegisnámi. Á meðfylgjandi töflu má sjá samanburð á fjölda nemenda í skólanum frá haustönn 2009:


Önn	Dagskóli	Fjarnám	Leikskólabraut	Samtals
2009-2	706	170	46	922
2010-1	662	137	38	837
2010-2	711	140	39	890
2011-1	716	165	36	881
2011-2	734	127	27	888
2012-1	691	115	20	806
2012-2	745	161	26	932
2013-1	665	116	21	802
2013-2	728	193	30	951
2014-1	678	160	28	866
2014-2	766	171	58	995
2015-1	669	158	42	869
2015-2	698	173	53	924
2016-1	633	212	51	896
2016-2	736	140	41	917
2017-1	670	128	38	836

Í sjálfsmatsskýrslum síðustu þriggja skólaára er sýnd áhugaverð breyting á brautarvali nemenda. Á meðfylgjandi súluriti má sjá framhald þessa samanburðar, nú hefur skólaárið 2016 - 2017 bæst við. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ er staðsettur miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu. Hann telst því ákjósanlegur kostur fyrir nemendur sem búa á því svæði, ekki aðeins nemendur búsetta í Garðabæ. Auk þess býður skólinn upp á námsbrautir sem ekki eru í boði í öðrum skólum á svæðinu. Breytingin milli árana 2016 og 2017 er að fækkun heldur áfram á félagsfræðibraut og heldur fækkar nemendum á náttúrufræðibraut og listnámsbraut. Alþjóðabraut, hönnunar- og markaðsbraut, íþróttabraut og viðskiptabraut bæta við sig í nemendafjölda.




Skipting nemendahóps FG eftir brautum.

Forvitnilegt er að sjá dreifingu nemenda eftir búsetu en tæpur helmingur nemenda er búsettur í Garðabæ.



Skipting nemenda í FG eftir búsetu.

Fróðlegt er að skoða samsetningu nemendahópsins út frá kynjaskiptingu og bornar eru saman tölur frá 2006 og síðan frá 2010 til 2017. Gengið er út frá nemendatölum að hausti. Öll þessi ár hafa stúlkur verið í meirihluta nemenda, munurinn var minnstur árið 2014 og hefur heldur aukist en stendur í stað milli 2015 og 2016 en eykst svo aftur 2017.



#### 4. SKÓLANÁMSKRÁ FG

Námsbrautir í boði í FG eru birtar á [heimasíðu skólans](#). Frá og með hausti 2015 byggir námið í skólanum á 202 framhaldsskólaeiningum

Skólanámskrá endurspeglar það sem fram fer og stefnt er að í skólastarfi. Til þess að ná því markmiði er nauðsynlegt að þeir, sem skólastarfið snýst um, séu með í ráðum. Kennarar einstakra námsgreina hafa töluvert svigrúm til að setja mark sitt á áfanga. Forvarnafulltrúi þarf að vera leiðandi í stefnumörkun og framkvæmd forvarnastarfsins. Sjónarmið nemenda þurfa að fá hljómgrunn í öllum þáttum skólastarfsins. Skólanámskráin þarf að vera í stöðugri endurskoðun til þess að hún sé raunhæf og gagnleg lýsing á skólastarfinu.

Gildandi námskrá er á [heimasíðu skólans](#).

#### STARFSLÝSINGAR

Starfslýsingar eru birtar á [heimasíðu skólans](#).

Mikilvægt er að starfslýsingar hverju sinni endurspegli þau verkefni sem starfsmenn inna af hendi. Þær eru því í stöðugri endurskoðun og eru breytingar settar inn eftir því sem við á.



## 5. YFIRLIT SJÁLFSMATS

Gæðaráð hefur yfirumsjón með sjálfsmati skólans. Gæðaráðið fundar á s.k. samráðsfundum einu sinni í viku, þá er farið yfir helstu þætti skólastarfsins þá vikuna og helstu áherslur skólastarfsins mótaðar. Verksvið hópsins er m.a. að skipuleggja verkefni, ákveða úttektir og afla gagna ef þurfa þykir. Í ráðinu sitja skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, verkefnastjóri, 2 kennslustjórar og 2 námsráðgjafar. Það er mat okkar að þessi skipan gæðaráðs tryggi það að raddir flestra, bæði starfsmanna og nemenda, komi að stefnumótun, ákvörðun og framkvæmd sjálfsmats hverju sinni.

Þær rannsóknaraðferðir sem notaðar eru hverju sinni ráðast af verkefnum og byggjast þær á mörgum mismunandi viðurkenndum sjálfsmatsaðferðum sem margar hverjar hafa verið aðlagðar að þeim markmiðum sem eru hverju sinni. Aðferðirnar eru í stöðugri mótun og miða að því að styrkja starfsmenn skólans til þess að verða betur færir um að framkvæma sjálfsmat. Megináhersla er á að starfsmennirnir fái tækifæri til þess að móta aðferðir við matið sem gefi góða mynd af því sem gert er um leið og það nýtist þeim við að bæta starfið jafnt og þétt. Slík aðferð kallast valdeflingarleið (empowerment evaluation). Hefð er fyrir lýðræðislegum vinnubrögðum við ákvarðanatöku í skólastarfinu og áhersla er lögð á að starfsmenn séu virkir þátttakendur í mótun stofnunarinnar og þá um leið í matinu (deliberate democratic evaluation). Spurningalistinn sem lagður er fyrir nemendur í viðhorfskönnun á hverri önn hefur þróast yfir langan tíma, mjög margir hafa komið að gerð spurninganna og leitað hefur verið til fagaðila um hönnun slíkra spurningalista. Allt ferlið er í anda leiðsagnarmats (formative evaluation) þar sem matsferlið og niðurstöður eru nýttar til þess að bæta starfið jafnt og þétt. Spurningar eru bæði lokaðar og opnar þar sem nemendur geta sagt skoðun sína með eigin orðum á fyrirkomulagi áfanga, kennsluáðferðum sem beitt er og öðrum þáttum sem þeir telja mikilvæga. Athugasemdir nemenda eru síðan ræddar við kennarann sérstaklega þegar skólameistari eða aðstoðarskólameistari fundar með honum á vorönn.

Úttektir á einni námsgrein sem nú hafa verið gerðar sex sinnum veita kennurum m.a. tækifæri til að skoða eigin frammistöðu í starfi, meta styrkleika sína og veikleika og íhuga hvort og þá hvaða breytingar þeir telja æskilegar eða vilja gera. Slík skoðun á eigin starfi er mikilvæg og hafa kennarar tekið þessu tækifæri fegins hendi. Mikilvægt er að kennarar jafnt sem stjórnendur átti sig á þeim tækifærum sem slíkar úttektir gefa og nýti sér niðurstöður þeirra til hagsbóta fyrir gott skólastarf.

### Sjálfsmatsáætlun 2016-2017

Á skólaárinu 2016 - 2017 verður sjálfsmatið sem fyrr fastur hluti skólastarfsins

Allmargir matsþættir hafa skapað sér fastan sess, mat hvers þáttar fer fram á hverri önn, á hverju ári eða með lengra millibili. Enn aðrir eru í stöðugu matsferli enda beina þeir sjónum sínum að þáttum eins og líðan starfsmanna, öryggi á vinnustað og forvarnamálum. Enn fleiri þættir skólastarfsins eru teknir út reglulega í þeim tilgangi að hafa heildarsýn yfir starfsemi skólans. Mikilvægi þess fyrir skólann og starfsmenn hans er augljóst enda koma mjög margir að þeirri vinnu. Má þar sem dæmi nefna kerfi við mannaráðningar, úttekt á einni námsgrein sérstaklega, formlegri kennslukönnun í öllum áföngum og svo eru margir kennarar með eigin kannanir í sínum áföngum. Slíkar kannanir hafa kennarar lengi lagt fyrir nemendur sína án þess að slíkt hafi sérstaklega verið tilgreint í sjálfsmatsskýrslum enda þjóna slíkar kannanir fyrst og fremst hverjum áfanga fyrir sig.

Eins og fram kemur í töflunni hér á eftir eru matsþættir ólíkir, nálgun mats er ýmist meðal nemenda, starfsmanna eða kennslustjóra og annarra stjórnenda.

Helstu matsþættir:

- **Námsárangur.** Einkunnir hvers áfanga eru skoðaðar m.t.t. einkunnayfirlits síðustu anna. Kennslustjórar skoða niðurstöður úr sínum deildum ásamt kennurum áfanga hverju sinni. Niðurstöður ræddar á fagfundum í deildum. Heildarniðurstöður námsárangurs koma m.a. fram í ræðu skólameistara við skólaslit. Allir nemendur skólans eru hér skoðaðir. Sérstök áhersla verður lögð á að kennslustjórar skoði niðurstöður námsárangurs samhliða skýrslum kennara með það í huga að bæta starfið enn frekar. Kennslustjórar skila skýrslu til aðstoðarskólameistara í lok skólaárs.
- **Kennslukönnun – mat á kennslu.** Á hverri önn er lögð fyrir nemendur rafræn könnun um námsefni, kennsluhætti, undirbúning kennara og almennt mat þeirra á hverjum þeim áfanga sem þeir eru skráðir í. Nemendur svara spurningum á námsnetinu. Spurningar eru bæði í formi krossaspurninga og opinna spurninga. Niðurstöður könnunarinnar verða í höndum skólameistara og aðstoðarskólameistara og býðst öllum kennurum að fara í viðtal til þeirra um niðurstöðurnar í upphafi vorannar.
- **Viðhorf nemenda.** Á hverri önn eru haldnir opnir fundir á sal skólans fyrir alla nemendur. Þar sitja stjórnendur skólans og stjórn nemendafélagsins fyrir svörum og nemendum gefst kostur á að koma með tillögur til úrbóta og nýjar hugmyndir. Slíkir fundir hafa verið haldnir í allmörg ár og margar nýjungar í skólastarfinu hafa byggt á hugmyndum frá þessum fundum. Fundargerðir opinna funda eru settar á heimasíðu skólans.
- **Starfsmannasamtöl.** Á vorönn fara fram starfsmannasamtöl. Markmið þeirra er að athuga líðan starfsmanna og farið verður í gegnum nýjar hugmyndir og tillögur sem bæta skólastarfið. Samtöl eru skipulögð eftir skipuriti skólans, þ.e. yfirmenn ræða við undirmenn. Samtölin eru boðuð fyrirfram og uppbygging er á sérstökum blöðum sem dreift er áður. Úrvinnsla er í höndum skólameistara, aðstoðarskólameistara og kennslustjóra eftir því sem við á. Skólameistari kynnir helstu niðurstöður og setur fram hugmyndir að úrbótum ef þess þarf. Verkferill liggur fyrir sem skerpur á uppbyggingu og tilgangi samtalanna. Þessum samtölum var slegið saman við viðtöl stjórnenda vegna kennslukannana.
- **Líðan starfsmanna.** Auk starfsmannasamtalanna er á verkefnalista ýmissa starfsmanna að vera vakandi yfir þáttum sem varða velferð og líðan starfsmanna. Má þar nefna stjórnendur, öryggisnefnd, stjórn starfsmannafélagsins og fleiri. Yfirgripsmikil könnun er gerð árlega á vegum VR/SFR.
- **Öryggi á vinnustað.** Sérstök öryggisnefnd starfar við skólann sem starfar eftir lögum um slíkar nefndir. Helstu verkefni hennar er að vera vakandi yfir öryggi og hollustuháttum á vinnustað. Nefndin kallar til utanaðkomandi sérfræðinga eftir því sem við á. Ef einhverjum þáttum er ábótavant koma tillögur frá öryggisnefnd um úrbætur, framkvæmd er síðan undir stjórn skólameistara.
- **Forvarnamál.** Forvarnafulltrúi ásamt forvarnateymi stýrir forvarnamálum í víðasta skilningi þess orðs. Viðvera á dansleikjum og öðrum viðburðum sem haldnir eru í nafni skólans ásamt skipulagning sérstakra viðburða í nafni forvarna eru helstu verkefni. Forvarnafulltrúi er í góðu sambandi við forvarnafulltrúa annarra framhaldsskóla og fundar árlega með þeim. FG er heilsueflandi framhaldsskóli.
- **Próf og prófagerð.** Unnið er eftir verkferlum sem tryggja eiga aukin gæði. Fleiri koma að verkinu, þegar próf er tilbúið til ljósritunar hefur það farið í gegnum samningu, faglegan yfirlestur og íslenskulestur. Með þessum verkferlum er auðveldara að grípa inn í og lagfæra

próf áður en til próftöku kemur. Áfangastjóri hefur yfirumsjón með prófum en kennslustjórar stýra vinnunni í hverri deild fyrir sig. Verkferlar liggja fyrir til undirbúnings úttektar. Úttekt verði annað hvert ár. Úttekt verði næst gerð í lok skólaárs 2016 - 2017. (*var frestað til vors 2018*)

- **Kennsluáætlanir.** Í fyrstu kennsluviku hveðrar annar eiga allar kennsluáætlanir að vera tilbúnar. Þær eru settar á heimasíðu skólans og á námsnetið. Samræmi er í uppsetningu og þess gætt að allar nauðsynlegar upplýsingar komi fram á kennsluáætluninni. Yfirumsjón er í höndum verkefnastjóra og kennslustjóra. Verkferlar liggja fyrir til undirbúnings úttektar. Úttekt verði annað hvert ár. Úttekt verði næst gerð í lok skólaárs 2016 - 2017. (*var frestað til vors 2018*)
- **Námsnetið.** Einn liður í því að bæta námsumhverfi nemenda, efla ólíka kennsluhætti og geta þannig mætt þörfum einstakra nemenda enn betur er notkun námsnetsins. „Turnitin“ tenging við námsnetið var tekin í notkun í september 2016. Þetta hjálpar kennurum og nemendum við að fylgjast með hvort verið er að nýta heimildir orðrétt í ritsmíðum. Kennarar hafa verið hvattir til að nota námsnetið í öllum áföngum. Verkferlar liggja fyrir til undirbúnings úttektar. Úttekt verði annað hvert ár. Úttekt verði næst gerð í lok skólaárs 2016 - 2017. (*var frestað til vors 2018*)
- **Endurmenntun kennara.** Áhersla á endurmenntun kennara er í stefnuskrá skólans. Kennarar eru hvattir til að skrá námskeið og aðra endurmenntun í sérstaka skrá á innra neti skólans. Litið er til endurmenntunar þegar ákvörðun er tekin um launahækkun og/eða framgang í starfi. Könnun var framkvæmd í upphafi skólaárs 2016 - 2017.
- **Umsjónarkerfi / ástundun nemenda.** Umsjónarkennarar hafa víðtækt hlutverk sem hefur verið í þróun síðustu ár. Nemendur mæta í umsjónartíma þar sem m.a. er unnin námsáætlun og allar orðsendingar til nemenda eiga greiða leið í gegnum þessa tíma. Fylgst er með ástundun og mætingu, farið í gegnum miðannarmat og fleira sem skiptir máli í vinnu nemenda í skólanum. Nýnemum er raðað í sérstaka umsjónarhópa, umsjónarkennarar þeirra sjá jafnframt um kennslu hópsins í lífsleikni á fyrstu önn. Hóparnir haldast síðan í 2 ár. Á næstsíðustu önn hitta nemendur áfangastjóra sem fer yfir námsferla þeirra og á síðustu önn fara nemendur í umsjón til aðstoðarskólameistara.
- **Úttekt á einstökum námsgreinum.** Ein til tvær námsgreinar eru metnar m.t.t. heildarmyndar áfanga. Skoðaðir verða m.a. kennsluhættir, undirbúningur, árangur nemenda, menntun og undirbúningur kennara, styrkleikar og veikleikar. Um leið er þetta frábært tækifæri fyrir stjórnendur að kynnast vel innviðum einnar (eða tveggja) námsgreina hverju sinni og vera betur í stakk búnir til að sjá heildarmyndina. Úttektir fara fram á vorönn og eru undir stjórn aðstoðarskólameistara. Á vorönn 2017 voru erlend tungumál tekin út.
- **Mat á starfi stjórnenda.** Á vorönn 2013 var heildstæð úttekt á skólanum á vegum Attendus fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Þar voru störf stjórnenda sérstaklega skoðuð. Á vorönn 2016 fór einnig fram könnun meðal nemenda um stjórnendur. Gert er ráð fyrir að slík könnun verði gerð á 3ja ára fresti, næst vorið 2019.
- **Mat á þjónustu bókasafns.** Könnun fór fram á vorönn 2016 á þjónustu bókasafnsins. Metið var heildrænt bókakostur, þjónusta og vinnuaðstaða nemenda. Gert er ráð fyrir að slík könnun verði gerð á 3ja ára fresti, næst vorið 2019.
- **Mat á þjónustu skrifstofu og netstjóra.** Könnun fór fram á vorönn 2016 á þjónustu skrifstofustjóra, skólafulltrúa og netstjóra. Hvernig er viðmót viðkomandi aðila, hvað mætti betur fara. Niðurstöður eru skoðaðar af stjórnendum sem í samráði við viðkomandi gera breytingar ef þurfa þykir. Gert er ráð fyrir að slík könnun verði gerð á 3ja ára fresti, næst vorið 2019.

- **Mat á þjónustu námsráðgjafa og forvarnafulltrúa.** Námsráðgjafar og forvarnafulltrúi veita mikilvæga þjónustu, oft við erfiðar aðstæður. Rafræn könnun meðal nemenda var gerð á starfi þeirra á vorönn 2016. Gert er ráð fyrir að sambærileg könnun verði gerð á 3ja ára fresti, næst vorið 2019.

Helstu niðurstöður verða teknar fyrir í næstu köflum.

### 5.1. Námsárangur

Á hverri önn er farið yfir námsárangur nemenda í einstökum áföngum. Kennarar skrifa skýrslur til kennslustjóra um hvernig til hefur tekist, þeir bera saman árangur, námsefni og kennsluhætti. Í lok vorannar skrifa kennslustjórar lokaskýrslu skólaársins og skila til aðstoðarskólameistara. Þessar skýrslur endurspeglar þungamiðju alls skólastarfsins, kennsluna sjálfa. Kennarar og kennslustjórar leggja sig fram um að vinna þessar skýrslur sem best, gæði þeirra hafa batnað ár frá ári og nýting þeirra til framfara í kennslu viðkomandi fags hefur að sama skapi aukist.

### 5.2. Kennslukannanir meðal nemenda

Allt frá árinu 1999 hafa kennslukannanir verið lagðar reglulega fyrir nemendur, niðurstöður þeirra hafa verið birtar í Sjálfsmatsskýrslum frá 2004. Könnunin er framkvæmd á netinu gegnum kennslukerfið Námsnet – Myschool og er lögð fyrir alla nemendur í öllum námshópum.

Niðurstöður kannananna á haustönn 2016 og vorönn 2017 meðal dagskólanema og fjarnema eru hér skoðaðar sitt í hvoru lagi.

#### Haustönn 2016 dagskóli

Svarhlutfall dagskólanema í kennslukönnuninni á haustönn 2015 var 62,77%

Einkunnaskalinn er eftirfarandi:

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með námsefni áfangans?

Mjög ánægð(ur): **Fimma**

Ánægð(ur): **Fjarki**

Í meðallagi: **Pristur**

Óánægð(ur): **Tvistur**

Mjög óánægð(ur): **Ás**

#### Kennslumat á haustönn 2016 - dagskóli

Dagskólaspurningar - Spurningar um kennara og kennslu

Samantekt um kennara	Fimmur	Fjarkar	Pristar	Tvennur	Ásar	Ekki	Fjöldi	Meðalt.	St.fráv.
Hvernig er samræmið milli kennslu og prófa/verkefna kennarans?	1157	517	370	98	93	207	2442	<b>4,14</b>	1,56
Hvernig er kennarinn undirbúinn fyrir kennslustundir?	1440	590	275	56	34	35	2430	<b>4,40</b>	1,02
Hversu ánægð(ur) ertu með viðleitni kennarans til að gera námið áhugavert?	1126	603	402	170	123	0	2424	<b>4,01</b>	1,17
Hversu vel gengur kennaranum að hafa stjórn á órólegum nemendum?	1175	646	421	120	59	0	2421	<b>4,14</b>	1,03
Hrósar kennarinn nemendum fyrir það sem vel er gert?	987	525	534	215	101	61	2423	<b>3,88</b>	1,31
Hversu ánægð(ur) ertu með leiðbeiningar og útskýringar kennarans?	1141	624	383	166	107	0	2421	<b>4,04</b>	1,14

Fylgist kennarinn vel með vinnu nemenda?	1034	702	470	138	75	0	2419	<b>4,03</b>	1,06
Er kennarinn stundvís?	1511	603	242	45	18	0	2419	<b>4,47</b>	0,81
Hvernig líður þér almennt í áfanganum?	1218	570	425	131	78	0	2422	<b>4,12</b>	1,08
Ertu ánægð(ur) með áfangann í heild?	1105	584	447	172	115	0	2423	<b>3,99</b>	1,16
<b>Samtals</b>	<b>11894</b>	<b>5964</b>	<b>3969</b>	<b>1311</b>	<b>803</b>	<b>303</b>	<b>24244</b>	<b>4,12</b>	
<b>Meðaltal á skalanum 0 til 10</b>								<b>8,24</b>	

## Fjarkennsla haust 2016

Svarhlutfall fjarnema í kennslukönnuninni á haustönn 2016 var 45,94%.

### Kennslumat á haustönn 2016 – fjarkennsla

Fjarkennsluspurningar - Spurningar um námskeið

<b>Samantekt um námskeiðið</b>	<b>Fimmur</b>	<b>Fjarkar</b>	<b>Þristar</b>	<b>Tvennur</b>	<b>Ásar</b>	<b>Ekki</b>	<b>Fjöldi</b>	<b>Meðalt.</b>	<b>St.fráv.</b>
Hversu vel svarar kennarinn tölvupósti?	70	34	21	11	9	14	159	<b>4,00</b>	1,63
Hversu ánægð(ur) ertu með glósur og gögn sem kennarinn sendir?	69	32	35	9	7	7	159	<b>3,97</b>	1,40
Hversu ánægð(ur) ertu með skil kennarans á verkefnum?	76	37	36	5	3	2	159	<b>4,13</b>	1,10
Hversu ánægð(ur) ertu með áfangann í heild?	66	50	22	13	4	2	157	<b>4,04</b>	1,15
<b>Samtals</b>	<b>281</b>	<b>153</b>	<b>114</b>	<b>38</b>	<b>23</b>	<b>25</b>	<b>4,04</b>	<b>4,04</b>	
<b>Meðaltal á skalanum 0 til 10</b>								<b>8,07</b>	

## Vorönn 2017 dagskóli

Svarhlutfall dagskólanema í kennslukönnuninni á vorönn 2017 var 59,26%.

### Kennslumat á vorönn 2017 – dagskóli

Dagskólaspurningar - Spurningar um kennara og kennslu

<b>Samantekt um kennara</b>	<b>Fimmur</b>	<b>Fjarkar</b>	<b>Þristar</b>	<b>Tvennur</b>	<b>Ásar</b>	<b>Ekki</b>	<b>Fjöldi</b>	<b>Meðalt.</b>	<b>St.fráv.</b>
Hvernig er samræmið milli kennslu og prófa/verkefna kennarans?	1102	440	316	92	75	150	2175	<b>4,19</b>	1,49
Hvernig er kennarinn undirbúinn fyrir kennslustundir?	1294	463	228	62	36	78	2161	<b>4,40</b>	1,22
Hversu ánægð(ur) ertu með viðleitni kennarans til að gera námið áhugavert?	1073	468	367	150	98	0	2156	<b>4,05</b>	1,16
Hversu vel gengur kennaranum að hafa stjórn á órólegum nemendum?	1159	478	364	94	39	0	2134	<b>4,23</b>	1,00
Hrósar kennarinn nemendum fyrir það sem vel er gert?	996	438	390	170	93	68	2155	<b>3,99</b>	1,35
Hversu ánægð(ur) ertu með leiðbeiningar og útskýringar kennarans?	1095	510	323	130	90	0	2148	<b>4,11</b>	1,13
Fylgist kennarinn vel með vinnu nemenda?	1028	539	424	104	52	0	2147	<b>4,11</b>	1,04
Er kennarinn stundvís?	1391	459	229	37	19	0	2135	<b>4,48</b>	0,82
Hvernig líður þér almennt í áfanganum?	1079	489	392	110	68	0	2138	<b>4,12</b>	1,08
Ertu ánægð(ur) með áfangann í heild?	1018	494	371	146	117	0	2146	<b>4,00</b>	1,19
<b>Samtals</b>	<b>11235</b>	<b>4778</b>	<b>3404</b>	<b>1095</b>	<b>687</b>	<b>296</b>	<b>21495</b>	<b>4,17</b>	
<b>Meðaltal á skalanum 0 til 10</b>								<b>8,34</b>	

## Vorönn 2017 fjarnám.

Á þessari önn fórst fyrir að leggja fyrir kennslumat í fjarnámi.

Í sjálfsmatskýrslu ársins 2014 – 2015 var birtur samanburður viðhorfskannana frá haustönn 2005 til og með vorönn 2015 á skalanum 1 – 5. Á haustönn 2005 var byrjað að leggja rafrænar kennslukannanir fyrir nemendur í dagskóla og frá og með vorönn 2006 voru slíkar kannanir lagðar fyrir bæði nemendur í dagskóla og í fjarnámi.

Hér er haldið áfram með samanburð á meðaltölum og skólaárinu 2016 – 2017 bætt aftan við fyrri tölflu.

Ár	H07	V08	H08	V09	H09	V10	H10	V11	H11	V12	H12	V13	H13	V14	H14	V15	H15	V16	H16	V17
Dag sk.	4,10	4,04	4,15	4,20	4,05	4,13	4,17	4,13	4,12	4,13	4,20	4,13	4,12	4,13	4,15	4,23	4,22	4,15	4,12	4,17
Fjarná.	4,09	4,03	4,13	4,23	4,26	4,27	4,08	4,13	4,20	4,36	4,18	4,24	4,21	4,10	4,08	3,99	4,17	4,13	4,04	

### Helstu niðurstöður

Eins og sést á samanburðartöflunni er árangurinn í heild góður. Sveiflur eru meiri í fjarnámi en í dagskóla, skýringar á því geta verið margar, t.d. breytingar á kennurum, breytingar á námsmati eða breytingar á námsefni. Hafa verður í huga í samanburði að kannanir eru ekki alveg sammælanlegar. Spurningar breytast á milli ára, þó reynt sé að hafa þær eins sambærilegar og nokkur kostur er, og þátttaka er misgóð. Nemendur geta skrifað athugasemdir um áfangana. Margir hafa nýtt sér þann möguleika og eru athugasemdir í flestum tilfellum málefnalegar. Þessi hluti könnunarinnar mælist þó misjafnlega fyrir meðal kennara en engin endanleg niðurstaða hefur verið tekin um að breyta þessu. Svarhlutfall er alltaf betri á haustönnum. Eins er líka ljóst að þegar kennarar og stjórnendur hvetja til þátttöku þá eykst svarhlutfall.

Slíkar kannanir hafa nú verið lagðar fyrir nemendur á hverri önn síðan 1999 og því er til mikilvæg heimild um skoðun nemenda á kennslunni. Víst er að kannanir í svipaðri mynd eru komnar til að vera og geta veitt kennurum og stjórnendum ómetanlegar upplýsingar um skólasterfið og vísað veginn til framfara.

### 5.3. Viðhorf nemenda

Nemendur hafa ætíð verið virkir í umbótastarfi innan skólans. Nemendur eiga tvo fulltrúa í skólaráði og áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Á hverri önn eru reglulegir fundir með nemendum, s.k. opnir fundir, þar sem þeim gefst tækifæri til að koma athugasemdum sínum á framfæri við stjórnendur og forystumenn félagslífsins. Fundagerðir opinna funda eru settar á heimasíðu skólans. Margar nýjungar í skólasterfi skólans og aðbúnaði nemenda eiga upphaf sitt á slíkum fundum. [Opinn fundur á haustönn 2016](#) , [Opinn fundur á vorönn 2017](#).

### Nemendur í brotthvarfshættu

Eitt alvarlegasta vandamál sem íslenskir framhaldsskólar standa frammi fyrir er brotthvarf nemenda frá námi. Margar ástæður liggja þar að baki en það ber að taka alvarlega ef nemandi finnur sig ekki í námi og leita þarf allra leiða til að finna viðeigandi úrræði fyrir viðkomandi. Ástæður brotthvarfs eru vissulega margar en ein þeirra er án nokkurs vafa ástundun nemandans og þá helst mætingar. Skólinn hefur lengi haft áhyggjur af mætingu nemenda og mörg undanfarin ár hafa fundir skólaráðs fjallað um

fjarvistir nemenda og hvað hægt sé að gera til að bæta mætingar. Það er ljóst að nokkuð stór hluti nemendahópsins þarf mikið utnumhald og leiðsögn til að námið gangi sem best.

Á haustönn 2013 var ákveðið að breyta stokkatöflu skólans á þann veg að stytta kennslustundir um 10 mínútur og bjóða upp á smiðjutíma í lok skóladags. Hugmyndin var að geta á þennan hátt komið betur til móts við nemendur í átt til einstaklingsmiðaðs náms. Vissulega þýddi þetta breytingar á kennsluháttum og kennarar þurftu að skipuleggja kennslustundir á annan veg en allir voru tilbúnir að leggja sitt af mörkum. Í upphafi var miðað við að nemendur mættu 4-6 sinnum í smiðju í hverjum áfanga. Eins og fram kom í sjálfsmatskýrslu 2013 – 2014 voru menn ekki á eitt sáttir um hvernig til hefði tekist en að aflokinni atkvæðagreiðslu var yfirgnæfandi meirihluti á þeirri skoðun að tilraunin þyrfti að halda áfram. Á kennarafundi í lok vorannar 2015 var samþykkt að breyta stokkatöflu næsta skólaárs á þann veg að smiðjutímar væru fyrr að deginum. Þessi breyting hefur leitt til þess að nýtingin á þeim hefur aukist til muna. Nýting á bókasafni skólans hefur einnig aukist til muna í smiðjutímum þ.e. nemendur sem ekki þurfa að mæta í smiðju nýta sér aðstöðu á bókasafni.

#### **5.4. Forvarnir**

Forvarnafulltrúi hefur starfað við skólann frá árinu 1998 og haldið úti öflugum forvarnastarfi. Honum til halds og trausts er forvarnateymi, en í því eiga sæti einn fulltrúi stjórnenda, námsráðgjafar, forvarnafulltrúi og félagsmálafulltrúi. Það er mikill styrkur fyrir þann sem gegnir starfi forvarnafulltrúa að hafa gott fólk með sér í helstu verkefni og hefur þetta fyrirkomulag ætíð gefist mjög vel. Meginmarkmið forvarnastefnu skólans er að stuðla að heilbrigðum lífsháttum nemenda án neyslu áfengis, tóbaks eða annarra vímuvaldandi efna. Forvarnafulltrúi er á dansleikjum og öðrum skemmtunum nemendafélags skólans auk þess að skipuleggja fræðslu fyrir nemendur.

Skólinn leggur mikla áherslu á íþróttakennslu og svo hefur verið lengi. Öflug og sívaxandi íþróttabraut laðar að nemendur og góðir og áhugasamir kennarar eru sívakandi yfir að boðið sé upp á íþróttáfanga sem bæði höfða til nemenda og eru þeim hvatning til aukinnar hreyfingar. Skólinn er þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli og telur að þáttur íþróttakennslu til heilsueflingar sé mjög mikilvægur.

#### **5.5. Starfsmannasamtöl**

Á vorönn fengu allir kennarar starfsmannasamtöl við skólameistara eða aðstoðarskólameistara. Þar var m.a. farið yfir niðurstöður kennslukönnunar á haustönn 2016. Ekki var um önnur starfsmannasamtöl að ræða.

#### **5.6. Líðan starfsmanna**

Líðan starfsmanna og möguleikar þeirra til vaxtar í starfi hefur ætíð verið mikilvægur þáttur í starfi Fjölbrautaskólans í Garðabæ. Margir hafa komið að því starfi með mismunandi áherslum, ýmist sem lið í hópefli eða hollri næringu og lífsháttum. Öryggisnefnd gerir reglulega þarfagreiningu og áhættumat.

Stjórn starfsmannafélagsins hefur verið ötul í að bjóða upp á styttri skemmtiferðir, skemmtanir og ýmislegt sem hefur eflt samkennd og jákvæðni í starfsmannahópnum. Skólinn býður upp á ávexti einu

sinni í viku til viðbótar við kaffi og hrökkbrauð ásamt því að hvetja til samverustunda ýmiss konar. Einnig var bætt við vatnsvél í matsal starfsmann þar sem hægt er að fá kalt og gott vatn með eða án kolsýrings. Jákvæðir og ánægðir starfsmenn eru mikill mannauður og allt það sem stuðlar að bættri líðan starfsmanna er af hinu góða. Með tilkomu áætlana varðandi jafnrétti, endurmenntun, einelti og stefnu í starfsmannamálum hefur verið stigið mikilvægt skref til heilla fyrir starfsmenn.

Eins og aðrir framhaldsskólar hefur FG tekið þátt í könnuninni Stofnun ársins. Útkoma skólans er vel ásættanleg en svarhlutfall mætti vera betra. Hér má sjá frekari niðurstöður úr [Stofnun ársins 2017](#).

### 5.7. Próf og prófagerð

Eitt af meginverkefnum sjálfsmatshóps á vorönn 2006 var að skipuleggja verkferla varðandi prófagerð og framkvæmd prófa. Þessari vinnu voru gerð góð skil í sjálfsmatsskýrslu skólans haustið 2007. Í ljósi reynslunnar hafa verið gerðar smávægilegar breytingar á verkferlunum og er þessi þáttur skólastarfsins mikilvægur í sjálfsmati Fjölbrotaskólans í Garðabæ. Með öflugum eftirliti, jákvæðri aðkomu allra kennara, kennslustjóra og skólafulltrúa undir stjórn áfangastjóra er þessi þáttur skólastarfsins mikilvægur hluti sjálfsmats.

### 5.8. Kennsluáætlanir

Allengi hefur sú krafa verið gerð til kennara að kennsluáætlun liggi fyrir í hverjum áfanga og henni verið komið til nemenda strax í fyrstu kennsluviku hverrar annar. [Kennsluáætlanir](#) skulu einnig settar á [heimasíðu skólans](#) svo og á [námsnetið](#). Þær kröfur eru gerðar að í kennsluáætlun komi fram fyrirkomulag námsmats, kennsluefni, kröfur um viðveru og allt það sem viðkemur áfanganum. Kennarar miða við staðlaða kennsluáætlun sem aðgengileg er kennurum á innra neti skólans. Með þessu fyrirkomulagi er innra eftirlit með uppbyggingu hvers áfanga, tryggt er að upplýsingar til nemenda komist strax til skila og efasemdir um ýmis atriði varðandi námsmat koma ekki upp. Kennsluáætlanir eru einnig aðgengilegar forráðamönnum sem þá eru betur upplýstir um uppbyggingu námsins.

### 5.9. Námsnetið

Notkun námsnetsins er orðinn fastur liður í starfi skólans. Notað er kerfið MySchool og hefur það hentað starfi skólans ágætlega. Kennarar setja þar inn kennsluáætlanir, verkefni, kennsluefni og fleira sem nýtist nemendum í náminu. Almenn notkun er mikil og skólaárið 2015-2016 var unnið að því að tengja „TurnItIn“ við námsnetið. Það er forrit sem les verkefni sem skilað er á námsnetið og reiknar út hve mikið og hvort um heimildastuld er að ræða í verkefninu/ritgerðinni. Þetta var komið í fulla notkun haustið 2016. Fjöldi kennara notast nú við „TurnItIn“ og það er mat þeirra sem hafa notað það mest að notkun þess bæti vinnubrögð nemenda og auðveldi kennurum vinnuna.



## 5.10. Endurmenntun kennara


Í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ starfa mjög vel menntaðir kennarar. Hópurinn samanstendur af kennurum með langa starfsreynslu og yngri kennurum sem eru að feta sín fyrstu spor í starfinu. Í stofnanasamningi kennara og skólayfirvalda er menntun veigamikill þáttur í launum og mikilvægt er að hvatning til sí- og endurmenntunar er hluti sammingsins. Fjárveitingar til skólans hafa hins vegar verið á þann veg að ekki hefur verið mögulegt að hækka laun kennara umfram kjarabundin atriði, þ.e. hvatning stjórnenda til að kennarar sækja endurmenntunarnámskeið hafa ekki gefið kennurum sérstaka launahækkun. Þrátt fyrir þá staðreynd hafa kennarar skólans verið mjög öflugir í að sækja sér endurmenntun og eru margir þeirra í fararbroddi í sínum kennslugreinum. Stjórnendur skólans hafa stutt kennara til endurmenntunar á starfstíma skólans t.d. með sveigjanleika í töflugerð. Endurmenntun kennara getur verið með ýmsu móti, skólinn stendur stundum sjálfur fyrir staðnámskeiðum sem þá eru hugsuð þvert á námsgreinar, allmargir kennarar skólans hafa tekið þátt í vettvangsnámi þar sem unnið er í samvinnu við kennara úr öðrum völdum skólum svo og taka kennarar þátt í námskeiðum á vegum fagfélaga. Vorið 2017 stóð skólinn fyrir námskeiði í lok vorannar undir stjórn Tryggva Thayer um framtíðarskólann.

Gerð var könnun á endurmenntun í FG meðal kennara skólans í desember 2016. Niðurstöður koma hér á eftir.

### Endurmenntun í FG


Könnunin var tekin í Survey monkey dagana 8.nóvember til 6.desember. Send var krækja til allra kennara sem vinna við skólann. 51 kennari svaraði könnuninni. Markmið könnunarinnar var að sjá hve mikla endurmenntun kennarar skólans hafa sótt síðastliðin þrjú ár. Einnig var athugað viðhorf kennara til endurmenntunar og leitað eftir um hugmyndum fyrir endurmenntunarnámskeið í skólanum.

### Niðurstöður




### Q3 Fórstu á endurmenntunarnámskeið á þessu ári, 2016?

Answered: 51 Skipped: 0




### Q4 Fórstu á endurmenntunarnámskeið á síðasta ári, 2015?

Answered: 51 Skipped: 0




### Q5 Fórstu á endurmenntunarnámskeið á árinu 2014?

Answered: 51 Skipped: 0




### Q6 Ertu hlynnt (ur) því að fleiri endurmenntunarnámskeið verði haldin innan skólans?

Answered: 49 Skipped: 2




### Q8 Finnst þér mikilvægt að fara á endurmenntunarnámskeið?

Answered: 51 Skipped: 0



### Q9 Hélt fagfélagið þitt endurmenntunarnámskeið á þessu ári?

Answered: 50 Skipped: 1



### Hvernig námskeið ætti að halda í skólanum?

1. Nýjungar í kennslufræði, nýja tækni
2. Náttúrufræðigreinar t.d. í jarðfræði og skyldum greinum
3. Kennsluaðferðir fyrir verknám.
4. Andleg líðan nemenda, nýjar og skapandi kennsluaðferðir, andleg líðan kennara, sjálfstöryggi og "mindfulness" í starfi.
5. Skyndihjálp, Tölvur og námsefni, Snjallsímar og námsefni
6. Almenn tölvu og tækninotkun, kennsluefni á rafrænu formi
7. Það þarf t.d. reglulega að halda skyndihjálparnámskeið. Svo eru alls konar hópeflisnámskeið skemmtileg.
8. Um kvíða ungmenna – Geðsjúkdóma.
9. Lingvistik
10. Um kennsluaðferðir
11. Námsmat, samvinnunám, lestur og lesskilningur, gagnrýn hugsun.
12. Mismunandi teg. námsmats, hagnýt tölvumál, samskipti, jafnréttismál ...
13. Væri gott að hafa það skipt eftir fögum, eitthvað mjög hagnýtt sem nýtist í daglegri kennslu. t.d. varðandi turnitin in, námsnetið, líðan nemenda o.fl.
14. Nýjar hugmyndir við kennslu - tækni í kennslu.
15. Nýjungar í kennslu tengt tölvum og snjallsímum.
16. Eitthvað tengt tölvum og kennslu
17. Ýmislegt sem tengist nýjungum í kennslufræði .Sama á við um tækninýjung alls konarar sem við getum nýtt okkur til að gera kennsluna fjölbreyttari t.d. hvernig nota má símann til að klippa myndbönd Búa til spurningaleiki sem nemendur svara í símanu, o.fl.
18. Tækni í kennslu, kennsluaðferðir, nemendur á 21. öldinni.
19. Tækni í kennslu, kennsluaðferðir, nemendur á 21. öldinni.
20. Námsmat
21. Ótal margt, bæði tengt tækni, kennsluháttum, sálfræði o.s.frv.
22. Nýjungar í kennslufræði
23. Nemendastýrt nám (student directed learning); Notkun kennsluforrita og jafnvel gerð smáforrita (appa); Flipped classroom (vendingarnám); Andleg heilsa kennara (eða: Hvernig má forðast kulnun); Námsmat - leiðir og markmið
24. Nýjar kennsluaðferðir og námsmat.
25. T.d. námskeið í að gera námsmat. Svo finnst mér spennandi að skoða spurningatækni þ.e. hvernig kennari getur dýpkað þekkingu nemenda á viðfangsefninu og fengið þá til að hugsa meira um tiltekið efni
26. Tæknitengd t.d. kennsla á ýmis forrit og kannski um nýjar hugmyndir í kennslu.
27. Hvernig nota má tækni í kennslu.

### Samantekt

Mikill meirihluti kennara við Fjölbrautaskólann í Garðabæ sækir sér endurmenntun reglulega. Átta af 51 kennara skólans hafa ekki sótt endurmenntunarnámskeið síðastliðin þrjú ár, þar af eru fjórir þeirra nýir kennarar við skólann. Miklum meirihluti kennara finnst nauðsynlegt að leita sér endurmenntunar og flestum líst vel á að hafa námskeið oftast hér í skólanum.

### 5.11. Umsjónarkerfið

Umsjónarkerfið hefur verið að mótast og þróast síðustu ár með það að markmiði að bæta skólasókn nemenda, auka upplýsingastreymi til þeirra og kenna þeim betur á áfangakerfið í heild. Á skólaárinu

2010-2011 var lokið við síðustu breytingarnar sem taldar voru nauðsynlegar til að skila tilætluðum árangri og kom það fram í sjálfsmatsskýrslu skólaársins 2010-2011. Við sjáum framfarir í ýmsum þáttum, þó virðist erfitt að bæta skólasóknina.

Í samræmi við styttri námstíma hefur fyrirkomulagi umsjónarkennslu verið breytt lítillega. Nemendur hafa sama umsjónarkennara í tvö ár. Að því loknu fá þeir þjónustu hjá námsráðgjöfum. Þeir sem eru á næstsíðasta önn fara til áfangastjóra sem fer yfir feril þeirra og hjálpar þeim að velja fyrir sína síðustu önn. Nemendur á síðustu önn fara til aðstoðarskólameistara sem skráir þá til útskriftar og gætir að ferill þeirra sé í lagi. Með þessu teljum við tryggt að nemendur lendi ekki í vandræðum á síðustu önn með sinn feril.

Þetta kerfi er í stöðugri endurskoðun. Í lok vorannar 2018 munum við athuga hvort það er of stutt að láta nemendur aðeins hafa umsjónarkennara í tvö ár.

### 5.12. Úttekt á námsgrein - erlend mál

Allt frá árinu 2011 hefur skólinn, auk hefðbundins sjálfsmats, tekið út eina námsgrein / deild sérstaklega til nánari skoðunar. Skoðaðir eru kennsluhættir, árangur nemenda, menntun og undirbúningur kennara, styrkleikar og veikleikar hans svo og líðan nemenda í kennslustundum og líðan kennara í starfi. Ákvörðun um hvaða námsgrein er tekin fyrir hverju sinni liggur fyrir í janúar og er tímabil úttektar febrúar – mars. Á vorönn 2017 var tekin út deild erlendra tungumála. Úttektin var bæði meginleg og eigindleg og stuðst var við viðmið fyrir sjálfsmat sem mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur til grundvallar. Úttektin náði til sex kennara sem kenndu í dagskóla á vorönn 2017 áfangana: DANS1fr05, DANS1gr05, DANS2KV03, DANS2lo05, DANS2SO03, DANS2sx03; FRAN1fr05; SPÆN1ff05, SPÆN1fr05, SPÆN1gr05, SPÆN2le05; ÞÝSK1ff05, ÞÝSK1fr05 og ÞÝSK1gr05.

Fjórir kennaranna kenndu auk þess í fjarnámi. Fjarnám í erlendum tungumálum var ekki skoðað sérstaklega en ríkur vilji er til að skoða fjarkennsluna í heild með sama hætti. Úttektirnar eru eins uppbyggðar frá ári til árs til að niðurstöður séu sambærilegar. Sjá Sjálfsmatsskýrslur 2010 – 2011, 2011 – 2012, 2013 – 2014 og 2015-2016. Frávik var í úttekt á íþróttum sökum eðlis kennslunnar, sjá úttekt á íþróttum / íþróttagreinum frá vori 2013 sem birtist í Sjálfsmatsskýrslu 2012 - 2013 svo og í Sjálfsmatsskýrslu 2014 – 2015 þar sem starfsbraut skólans var tekin út. Skipulagning og framkvæmd úttektarinnar nú var í höndum skólameistara, aðstoðarskólameistara og verkefnastjóra.

#### 1. Tímasetningar og verkframvinda.

Skrifleg könnun meðal nemenda í erlendum tungumálum var lögð fyrir í lok mars og byrjun apríl. Verkefnastjóri lagði þennan þátt úttektarinnar fyrir nemendur. Könnunin var rafræn og spurningarnar sem lagðar voru fyrir voru hannaðar í SurveyMonkey. Spurningar voru alls 22 og skiptust þær þannig:

1. Hvaða áfangi er þetta?
2. Kyn þess sem svarar.
3. Fæðingarár þess sem svarar.
  - a. 1996 eða eldri
  - b. 1997
  - c. 1998
  - d. 1999
  - e. 2000 eða yngri
4. Á hvaða braut ertu?

- a. Almenn námsbraut
  - b. Alþjóðabraut
  - c. Félagsvísindabraut
  - d. Hönnunar- og markaðsbraut
  - e. Íþróttabraut
  - f. Listnámsbrautum
  - g. Náttúrufræðibraut
  - h. Starfsbraut
  - i. Viðskipta- og hagfræðibrautum
5. Mér finnst kennarinn vera vel undirbúinn

- a. Mjög sammála
  - b. Frekar sammála
  - c. Frekar ósammála
  - d. Mjög ósammála
6. Ég er sáttur/sátt við viðmót kennarans í minn garð.

- a. Mjög sammála
- b. Frekar sammála
- c. Frekar ósammála
- d. Mjög ósammála

7. Mér finnst vinnuandinn í áfanganum vera góður.

- a. Mjög sammála
- b. Frekar sammála
- c. Frekar ósammála
- d. Mjög ósammála

8. Kennarinn fylgist vel með því hvernig mér gengur í áfanganum.

- a. Mjög sammála
- b. Frekar sammála
- c. Frekar ósammála
- d. Mjög ósammála

9. Mér finnst auðvelt að biðja um aðstoð hjá kennaranum.

- a. Mjög sammála
- b. Frekar sammála
- c. Frekar ósammála
- d. Mjög ósammála

10. Próf og verkefni áfangans eru sanngjörn

- a. Mjög sammála
- b. Frekar sammála
- c. Frekar ósammála
- d. Mjög ósammála

11. Vinnuálag í áfanganum er hæfilega mikið.

- a. Mjög sammála
- b. Frekar sammála
- c. Frekar ósammála
- d. Mjög ósammála

12. Mér líður vel í áfanganum

- a. Mjög sammála
- b. Frekar sammála
- c. Frekar ósammála
- d. Mjög ósammála

13. Námsefni áfangans hjálpar mér að skilja efni áfangans.

- a. Mjög sammála
- b. Frekar sammála
- c. Frekar ósammála
- d. Mjög ósammála

14. Kennari skilar verkefnum fljótt til baka (innan viku frá lokum skilafrests)

- a. Mjög sammála
- b. Frekar sammála
- c. Frekar ósammála
- d. Mjög ósammála

15. Kennarinn notar mismunandi kennsluaðferðir (töflukennsla, hópvinna, leikir...).

- a. Mjög sammála
- b. Frekar sammála
- c. Frekar ósammála
- d. Mjög ósammála

16. Kennarinn notar mismunandi námsmat (próf, ritgerðir, verkefni, nemendafyrirlestra...).

- a. Mjög sammála
- b. Frekar sammála
- c. Frekar ósammála
- d. Mjög ósammála

17. Kennarinn nær að gera efnið áhugavert.

- a. Mjög sammála
- b. Frekar sammála
- c. Frekar ósammála
- d. Mjög ósammála

18. Kennarinn hefur stjórn á órólegum nemendum.

- a. Mjög sammála
- b. Frekar sammála
- c. Frekar ósammála
- d. Mjög ósammála

19. Kennari er duglegur að koma með viðbótarefni sem eykur skilning á efninu.

- a. Mjög sammála
- b. Frekar sammála
- c. Frekar ósammála
- d. Mjög ósammála

20. Kennari er áhugasamur um að nemendur sýni framfarir.

- a. Mjög sammála
- b. Frekar sammála
- c. Frekar ósammála
- d. Mjög ósammála

21. Kennari fylgist vel með heimanámi nemenda.

- a. Mjög sammála
- b. Frekar sammála

- c. Frekar ósammála
- d. Mjög ósammála

22. Hvernig finnst þér þú sinna námi þínu í áfanganum?

- a. Mjög vel
- b. Frekar vel
- c. Frekar illa
- d. Mjög illa

Samtals svöruðu könnuninni 411 nemendur í spænsku, dönsku, þýsku og frönsku. 160 drengir (39%) og 251 stúlka (61%). Fimm nemendur voru fæddir 1996 eða fyrr, 48 árið 1997, árið 1998 49, árið 1999 135 og 175 voru fæddir árið 2000 eða seinna. Nemendur komu af flestum brautum skólans.

96,6% nemenda sögðust vera annað hvort mjög eða frekar sammála fullyrðingunni að kennarar væru vel undirbúnir fyrir kennslustundir. Sú niðurstaða kemur heim og saman við kannanir í ensku, íslensku, viðskiptagreinum og stærðfræði.

Þegar spurt var um viðmót kennarans er niðurstaðan heldur betri en í stærðfræðinni og íslenskunni, á pari við viðskiptagreinarnar og lægri en enskan sem hér skorar hæst. Undirstrika skal þó að í öllum úttektum kom fram að yfir 80% nemenda voru á þeirri skoðun að þeir væru sáttir við viðmót kennarans.

Nemendur eru frekar ánægðir með vinnuandann í kennslustundum í erlendum tungumálum, 84,4% aðspurðra voru mjög eða frekar sammála þeirri fullyrðingu að vinnuandinn í áfanganum væri góður. Í fyrri könnunum lágu þessar tölur í um og yfir 80% í viðskiptagreinum og ensku en í stærðfræði og íslensku á bilinu 65 - 69%.

Eflaust eru margar skýringar á þessum mun, einhverjar þeirra endurspeglast í svörum við seinni spurningum. Eitt sem mögulega gæti skýrt þennan mun er niðurstaða spurningarinnar um hvort kennari fylgist með því hvernig nemandanum gengur í áfanganum, þar voru 80% nemendanna í deild erlendra tungumála mjög eða frekar sammála því að svo væri, á móti tæpum 90% hjá nemendum í ensku og viðskiptagreinum og kringum 70% hjá nemendum í íslensku og stærðfræði. Ekki var skoðað sérstaklega hvort munur væri á milli kennara hvað þetta varðar.

Þegar nemandi var spurður að því hvort auðvelt væri að biðja kennara um aðstoð voru rúm 87% mjög sammála eða frekar sammála þeirri fullyrðingu. 78,9% nemenda í íslensku voru mjög sammála eða frekar sammála þeirri fullyrðingu, í stærðfræði töldu rúm 76% svo vera, svipuð niðurstaða var í viðskiptagreinum og í stærðfræðinni, eða 78%. Hér sker enskan sig úr, en 95,6% töldu auðvelt að biðja um aðstoð.

Aðspurð um hvort próf og verkefni áfangans væru sanngjörn voru 87,8% nemenda mjög eða frekar sammála því, þessi tala var 92,7% í ensku, 79,5 í íslensku, 75,2% í viðskiptagreinum og 63,4% í stærðfræði.

Þessi mikli munur kemur hins vegar ekki fram þegar spurt er um vinnuálag í áfanganum. 88,2% eru mjög eða frekar sammála því að vinnuálag í áfanganum sé hæfilega mikið, í ensku og viðskiptagreinum voru rúm 80% á þessari skoðun og 75,5% í íslenskunni. Hér sker stærðfræðin sig úr, aðeins 65,3% töldu vinnuálagið vera hæfilega mikið.



Svör nemenda við þeirri fullyrðingu að þeim liði vel í áfanganum voru á þá leið að 87% voru mjög eða frekar sammála, í enskuúttektinni var samsvarandi tala 94,6% og í viðskiptagreinum 93,8%, 78,9% í íslenskunni en í stærðfræði 74,9%.

Við spurningunni um að námsefni áfangans hjálpi þeim að skilja efnið voru 79,9% mjög eða frekar sammála því að svo væri. Í stærðfræði og íslensku var hlutfallið lægra, í ensku og viðskiptagreinum var staðan mun betri.

Nemendur eru mjög sáttir við hve kennarinn skilar verkefnum fljótt til baka, það kemur heim og saman við fyrri kannanir. Spurð um kennslufræðilega þætti eins og kennsluaðferðir, námsmat, hve kennara tekst að gera námsefnið áhugavert og hvort kennari komi með viðbótarefni til nánari skilnings á námsefninu, þá eru nemendur mjög ánægðir með hve fljótt kennarar skila verkefnum fljótt til baka. Sams konar niðurstaða var í öðrum könnunum.

Aðspurðir um hvort kennarinn noti mismunandi kennsluaðferðir svöruðu nemendur á þann hátt að 75,2% töldu svo vera. Þessa niðurstöðu má hafa í huga þegar kennarar fara yfir stöðuna í lok skólaárs. Ekki er endilega víst að mismunandi kennsluaðferðir eigi við á sama hátt í öllum greinum en fjölbreyttir kennsluhættir eru mikilvægir í skólastarfinu öllu. Á þessu sviði kemur deild erlendra tungumála lang best út í samanburði við fyrri úttektir. Umræðan um mismunandi kennsluaðferðir er af hinu góða og úttekt sem þessi er gott innlegg í þá umræðu. Hér er sóknarfæri fyrir aðrar deildir að skoða sérstaklega þennan þátt í deild erlendra tungumála.

Eftirtektarvert er að sjá að mikill meirihluti nemenda í erlendum tungumálum, 82,4%, telur námsmatið fjölbreytt. Hér skorar íslenskan hæst af þeim námsgreinum sem áður hafa verið teknar út, 89,9% nemenda eru á þessari skoðun. Hið sama má segja um spurninguna um hvort kennarinn hafi stjórn á órólegum nemendum. Í íslensku eru 88,9% nemenda mjög eða frekar sammála þeirri fullyrðingu og deild erlendra tungumála fylgir fast á eftir með 86,9%.

Að lokum er áhugavert að skoða svör nemenda við spurningunni um hvernig þeir sjálfir sinni námi sínu. 79,6% nemenda segjast gera það mjög vel eða frekar vel, þessi tala var 90,8% í ensku, 81,4% í viðskiptagreinum, 73,2% í íslensku og 60,94% í stærðfræði.

Þó það sé ekki mikill munur á viðhorfum drengja og stúlkna í deild erlendra tungumála þá má sjá að drengirnir eru heldur gagnrýnni og ekki eins sáttir og stúlkurnar. Ekki er heldur mikill munur milli afstöðu nemenda eftir brautum. Þó má sjá að nemendur íþróttabrautar eru heldur neikvæðari en aðrir nemendur.

Eftirtektarvert er að munur á skoðunum kynjanna er vart mælanlegur hvað varðar kennslu í íslensku og kemur það heim og saman við könnun á kennslu í ensku og stærðfræði. Kynjamunur kom hins vegar fram í könnun á kennslu í viðskiptagreinum. Fróðlegt verður þegar aðrar kennslugreinar verða teknar út hvort þar kemur fram kynjamunur á skoðunum nemenda.

Þegar einstök tungumál eru borin saman verður að hafa í huga að aðeins eru 21 nemandi í frönsku sem mjög erfitt er að alhæfa út frá (því verður ekki fjallað um frönskuna hér að neðan). Niðurstöðurnar eru svipaðar, almennt eru flestir nemendur ánægðir. Það sem er samt verður að taka eftir er munurinn á spænsku og hinum tungumálunum. Nemendur í spænsku telja að kennarinn fylgist betur með hvernig þeim gengur, þeir kvarta meira yfir vinnuálagi og þeim líður eitthvað betur í áfanganum. Það er mjög áhugavert hversu hátt hlutfall nemendur í spænsku segja að kennararnir beiti fjölbreyttum

kennsluaðferðum. Þarna sker spænskan sig algjörlegu úr bæði miðað við önnur tungumál og aðrar deildir.

Eftir að hafa skoðað niðurstöður nokkur ár aftur í tímann þá er ekki hægt annað að segja að almennt eru nemendur okkar séu ánægðir með þá kennslu sem þeir fá hér. Við getum þó sérstaklega tekið okkur á í að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir og þá er það líklegast að kennarar í erlendum málum geti kennt okkur eitthvað. Sérstaklega kennarar í spænsku.

Seinni hluti úttektarinnar var tvíþættur og sneri að kennurum deildarinnar. Annars vegar voru tekin persónuleg viðtöl við alla kennarana og sá aðstoðarskólameistari um þau viðtöl. Hins vegar voru viðkomandi kennarar heimsóttir í kennslustund og voru þær heimsóknir í höndum skólameistara og aðstoðarskólameistara.

Viðtölin fóru fram 6. til 8. mars 2017 á skrifstofu aðstoðarskólameistara. Fyrir lágu eftirfarandi spurningar, þær sömu og lagðar voru til grundvallar viðtölum við kennara í fyrri úttektum. Mikilvægt er að spurt sé um sömu atriði hverju sinni til að samanburður verði marktækur:

1. Menntun kennarans – fagþekking
2. Starfsreynsla
3. Styrkleikar og veikleikar í starfi
4. Hvernig gengur á þessari önn? Mætti eitthvað fara betur?
5. Líðan í starfi
6. Vinnuaðstaða
7. Vinnuandi í deildinni
8. Samskipti í deildinni
9. Samskipti við stjórnendur
10. Námsmat - próf/prófafyrirkomulag. Hvað mætti betur fara?
11. Möguleikar í endurmenntun

Kennarar í erlendum tungumálum í dagskóla voru sex á vorönn 2017. Þetta er nokkuð breiður hópur, aldursbilið 29 ár. Sá yngsti er fæddur árið 1977, sá elsti 1948. Kynjaskipting er ójöfn eða 5 konur og 1 karlmaður. Allir eru með réttindi til kennslu á framhaldsskólastigi og allir nema einn hafa búið og numið erlendis um mislangt skeið. Tveir eru með BA próf og fjórir með masterspróf í sínu fagi. Allir eru með próf í öðru tungumáli að auki og þá ýmist diplómanám, BA próf eða masterspróf. Kennararnir hafa starfað við skólann frá 4 og upp í 16 ár. Einn kennaranna hefur reynslu af kennslu á öllum stigum grunnskólans. Allir nema einn hafa kennt við aðra framhaldsskóla á Íslandi áður en þeir hófu störf við FG. Þessi eini hefur reynslu af kennslu við Keili. Í viðtali við þá kemur fram hjá öllum að þeim líður vel í starfi.

Fram kom að andinn í deildinni væri almennt góður. Einn nefndi að hann hefði fengið mjög góðan stuðning frá samkennum í deildinni þegar hann hóf störf við skólann. Fram kom að það væru þó ekki allir samtaka í deildinni, gætti áhugaleysis og fagleg miðlun mætti vera meiri. Einnig að mismikill áhugi væri á nýjungum. Einn tók fram að það væru engir samstarfsörðugleikar. Annar var ekki nógu ánægður og finnst lítið talað saman innan deildarinnar. Ekki sáttur við að alltaf sé verið að prófa nýja hluti, sumt virki ágætlega eins og það er. Einnig kom fram að einn kennari er á móti of mikilli mötun nemenda.

Aðspurðir um styrkleika og veikleika í starfi komu m. a. fram styrkleikaatriði eins og gaman að kenna, áhugi á tungumálum og að miðla þeim, jákvæðni, nákvæmni, gott skipulag, stundvísi, hugmyndaauðgi í kennslu, þolinmæði, nær til nemenda, hvetjandi, opinn, viðkunnanlegur, les hópinn, fjölbreytni í kennsluháttum og kann fagið sitt vel.

Þegar kom að veikleikum var meðal annars nefnt að erfitt getur verið að hafa stjórn á órólegum nemendum, eftirgefanleiki, of mikil kröfuharka, ekki mikil persónuleg tengsl við nemendur, tímaskynið ekki nógu gott, óraunhæft mat á getu nemenda, vantar leiðir til að takast á við neikvæða nemendur.

Þegar kennararnir voru spurðir hvernig gengi á önninni, hvort eitthvað mætti betur fara nefndu tveir kennarar sérstaklega að það væri mikið álag enda báðir með töluverða yfirvinnu. Annars kom fram að hópar eru miserfiðir eins og gengur og gerist. Verið er að vinna í agamálum með aðstoð stjórnenda í a.m.k. einum hópi þar sem búið er að færa nemanda til. Einn nefndi að hann notar af og til leiki í tímum og fram kom að keppni/leikur/verðlaun höfða til nemenda. Fram kom að það vanti nútímalegra kennsluefni, meira gagnvirkir efni. Einn kennari talaði um að ekki gangi að taka síma af nemendum en síminn tekur einbeitinguna frá þeim.

Þegar spurt var um vinnuaðstöðu voru allir kennararnir sammála um að hún væri góð og einn kennari nefndi að það væri gott að hafa svona opið rými eins og er á vinnuherberginu. Tveir nefndu þó að komið væri að endurnýjun skrifborðstóla á vinnuherbergi kennara og einn kennari vill gjarnan fá annað vinnuborð sem ekki er eins mikið við gangveg í vinnuherbergi. Ein ósk kom um að vinnuborðin mættu vera stærri, en í framhaldinu kom samt að þá yrði líklega bara meira drasli safnað. Sá hinn sami vildi meira hillupláss eða skúffur.

Í viðtölum voru kennararnir spurðir um samskipti við nemendur annars vegar og stjórnendur hins vegar. Allir voru sammála um að samskipti við nemendur væru almennt góð. Fram kom hjá einum kennara að hann kæmi fram við nemendur eins og hann vildi að þeir kæmu fram við sig. Einn kennari nefndi þó að það væru nokkrir metnaðarlausir nemendur hjá honum á þessari önn sem væri sama um námið.

Hvað varðar samskipti við stjórnendur töldu allir þau vera góð. Einn nefndi sérstaklega að stuðningur væri góður ef þyrfti að taka á erfiðum málum nemenda, annar var ánægður með opið aðgengi þar sem hægt er að ræða við stjórnendur ef opið er inn á skrifstofu og vitað að þeir eru uppteknir ef lokað er. Einn nefndi að upplýsingaflæði mætti þó stundum vera betra.

Spurt var sérstaklega um námsmat og prófafyrirkomulag í erlendum tungumálum. Kennararnir voru almennt ánægðir með það fyrirkomulag sem er á prófum deildarinnar. Fram kom hjá einum kennara að miðannarmatið sé gott þá er tækifæri til að kanna stöðu nemenda á miðri önn. Annar nefndi að próf væru sérstaklega nauðsynleg í fjarnáminu og í neðri áföngum. Einn nefndi að vægi munnlega þáttarins og hlustunar mætti vera meiri og sífellt er verið að reyna að auka það. Í sambandi við lokaprófin kom fram að einn kennari vill hafa sína nemendur í sömu stofu þannig að ekki þurfi að fara í eins margar stofur í prófinu. Annar nefndi að við værum að ofþjónusta nemendur með því að hafa svona mörg sjúkrapróf þ.e. að þeir geti fært prófið ef þeim sýnist svo. Til stóð að kennarar deildarinnar fengju fræðslu um gerð rafrænna gagnvirkra prófa á næsta deildarfundi.

Að lokum voru kennararnir spurðir um endurmenntun og möguleika þeirra á slíku. Fram kom að fagfélögin eru dugleg að halda námskeið bæði erlendis og innan lands. Flestir hafa farið á námskeið erlendis. Einn kennari benti á að það hentar ekki endilega fjölskyldufólki að fara í eina til tvær vikur

erlendis á námskeið svo það þurfa að vera námskeið í boði hér á landi líka. Viðkomandi nefndi líka að sér fyndust þau námskeið oft of grunnskólamiðuð svo gott er að Endurmenntun býður upp á ýmis námskeið sem nýtast í kennslu óháð fögum t.d. námsefnisgerð og tækni í kennslu. Einnig eru haldnir félagsfundir með fræðsluerindum og þing um ákveðin málefni tengd kennslunni. A..m.k. einn kennari er áskrifandi að erlendu tímariti og lítur á það sem góða endurmenntun í sinni grein.

Hinn liður eigindlegs mats var heimsókn í kennslustundir og sáu aðstoðarskólameistari og skólameistari um þá hlið. Heimsóknirnar fóru fram 6. - 8. mars 2017. Allir sex kennarar voru heimsóttir í eina kennslustund í eftirfarandi áföngum: SPÆN1fr05, SPÆN2le05, DANS2lo05, DANS2so05, DANS2sx03 og ÞÝSK1ff05. Tilviljun réði því hvaða tímar voru heimsóttir hjá hverjum kennara. Skýrslur voru skrifaðar um hvern tíma. Þeir þættir sem skoðaðir voru voru t.d. hvernig kennarinn byrjar tímanna, hvernig honum tekst að halda áhuga nemenda, hvort hann hafi stjórn á aga, hvernig undirbúningur kennarans hafi verið, hvaða kennsluáferðir eru notaðar og hvernig skipulagi tímans er háttað.

Ánægjulegt er að lesa skýrslur sem skrifaðar voru í tímum. Að horfa á atferli nemenda í þessum tímum var mjög áhugavert. Í stórum nemendahópum eru nemendur misjafnlega áhugasamir og misjafnlega fljótir að byrja að vinna.

Í kennslustundum sem heimsóttar voru var ýmist töluð íslenska eða það mál sem verið var að kenna í viðkomandi tíma. Einnig var misjafnt hvort kennari las upp í byrjun tímans eða þegar nokkuð var liðið á hann. Viðfangsefni nemenda í heimsóttum tímum voru mjög misjöfn og því erfitt að bera tímanna saman. Eins og gengur og gerist var mismikil virkni nemenda í tímunum og sínu lökust í yngsta nemendahópnum þar sem var blanda af nemendum sem voru að endurtaka námsefnið og þeim sem voru að taka hann í fyrsta sinn. Þar tók u.þ.b. helming tímans að ná niður skvaldri og fá vinnufrið. Annars var yfirleitt góður vinnuandi og rólegt yfirbragð yfir nemendum í tímunum, þeim virtist líða vel og voru vinnusamir. Einhverjir þurftu lengri tíma en aðrir að byrja á verkefni tímans og símanotkun var að trufla einhverja nemendur en síminn var líka notaður til að fara inn á Snöru og nota hann sem orðabók. Símakassinn var ekki notaður í tímunum og spurning hvort sé að skapast einhvert jafnvægi í notkun símanna og því að nemendur virði reglur um símanotkun í kennslustundum? Sameiginlegt með öllum kennurum var að þeir voru vel undirbúnir og skipulag tímanna var alveg klárt. Ýmist var notaður skjávarpi/myndvarpi, tafla, tölva eða nemendur unnu verkefni í verkefnabók eða á útprentuðum blöðum. Í flestum kennslustundum var eitthvert ráp úr tímum og ýmist beðið um leyfi hjá kennara eða ekki, af þessu hlaut þó ekki mikil sjáanleg truflun.

Í helmingi tímanna var sett fyrir eða rætt um heimanám fyrir næsta tíma.

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ hefur á að skipa mjög góðum kennurum í erlendum tungumálum, kennurum sem eru faglega sterkir, kunna að lesa í nemendahópin og þá list að kveikja áhuga hjá nemendum. Það er líka umhugsunarefni að fá kennara deildarinnar til að miðla til annarra með tilliti til notkunar fjölbreyttra kennsluhátta.

Skóli sem hefur slíkan mannauð er vel settur.

Unnið úr niðurstöðum og skýrsla unnin af Snjólaugu E. Bjarnadóttur aðstoðarskólameistara.

### 5.13. Námsráðgjöf

Eftirfarandi er skýrsla náms- og starfsráðgjafa:

Náms- og starfsráðgjöf í FG er þjónusta sem stendur öllum nemendum skólans til boða. Við skólann starfa tveir náms- og starfsráðgjafar í 175% starfshlutfalli, Anna. Vinnutími er frá 8.00 – 16.00 og er skrifstofan opin á þeim tíma. Tilhögun starfsins er þannig að nemendur eru velkomnir í viðtöl þegar skrifstofan er opin en einnig er tekið við tímapöntunum í síma og tölvupósti. Nemendur nýta sér þjónustuna vel og koma fjölbætt verkefni á borð náms- og starfsráðgjafanna sem gerð verður grein fyrir hér á eftir.

### Viðtöl vegna framvindu í námi

Stór hluti starfsins felst í að ræða við nemendur um námsframvinduna, bæði koma nemendur af sjálfsdáðum og biðja um aðstoð og einnig kalla náms- og starfsráðgjafar þá í viðtal vegna ábendinga foreldra, kennara, umsjónarkennara eða stjórnenda. Fyrstu merki um dvínandi námsgengi koma oft fram í að skólasókn lækkar og er því mikilvægt að geta gripið inn í áður en í óefni er komið. Áberandi er að nemendur virðast hafa meiri áhyggjur af í hvaða prósentu þeir standa varðandi mætingu en af því hvernig staðan er í náminu. Í slíkum viðtölum er lögð mikil áhersla á benda nemendum á að fylgjast með náminu á námsnetinu svo sem heimavinnu, verkefnaskilum og prófum. Einnig þurfa nemendur að fylgjast með mætingum í INNU. Nemendum er bent á að aðalatriðið varðandi skólagönguna er að stunda námið reglulega. Við leggjum áherslu á að kenna þeim að skipuleggja námið og hafa góða yfirsýn yfir það sem framundan er í skólanum.

### Persónuleg ráðgjöf

Margs konar persónuleg vandamál geta haft áhrif á nám nemenda. Oft nægir að nemandinn fái tækifæri til að ræða málið í trúnaði og nær hann þá oft sjálfur að sjá leiðir til lausnar. Sumir nemendur þurfa stuðning og nokkur viðtöl en aðrir þurfa aðstoð sérfræðinga við lausn sinna mála. Þyngri málum er vísað til sérfræðinga utan skólans og hafa náms- og starfsráðgjafar til dæmis samvinnu við félagsþjónustur sveitarfélaga, heilsugæslur og sálfræðinga.

### Sálfræðistyrkur

Sótt var um sálfræðistyrk til að niðurgreiða sálfræðitíma fyrir nemendur á vorönn 2016 og fengum við 2.900.000 kr. í styrk. Ákveðið var að námsráðgjafar gætu boðið nemendum að hámarki styrk upp á 50.000 kr. sem samsvarar fjórum tímum hjá sálfræðingi. Nemendur sáu sjálfir um að bóka tíma á sálfræðingi sem síðan sendu okkur rúkkun. Nú í lok skálaársins höfðu 54 nemendur nýtt sér þessa þjónustu fyrir samtals 2.296.000 kr. Auk þess var greitt fyrir HAM námskeið fyrir stúlkur 150.000 kr. Af þessum 54 nemendum sem nýttu sér þjónustuna voru 37 stelpur og 17 strákar. Algenga ástæðan fyrir aðstoð sálfræðings var kvíði og vanlíðan.

	Kona	Karl	2000	1999	1998	1997	1996	1995	
þunglyndi og kvíði	5		2	2	1				5
þunglyndi		3		1	2				3
kvíði	14	4	6	3	1	5	3		18
geðrænir erfiðleikar	1			1					1

einelti									0
vanlíðan	10	3	3	5	3	2			13
erfiðar heimilisaðstæður	3			1		1	1		3
kynferðisbrot	1	1		1	1				2
spilafíkn									0
tölvufíkn									0
alvarleg veikindi í fjölskyldu									0
andlát	2	3		2	3				5
annað		3		1		2			3
átröskun	1					1			1
	37	17	9	15	10	10	4	0	54

## HAM

Ákveðið var að sækja um styrk til forvarnarnefndar Garðabæjar til að vera með námskeið í hugrænni atferlismeðferð (HAM) fyrir stúlkur í skólanum með kvíða. Fyrirmyndin var fenginn frá FB og Borgarholtsskóla sem hafa gert þetta í samstarfi við sálfræðinga í þjónustumiðstöðunum. Við réðum Hauk Einarsson sálfræðing til að hitta sitt hvorn hóp stúlka í 10 vikur. Við val á stúlkum lá annað hvort fyrir vottorð um kvíða eða við vissum að viðkomandi var haldin kvíða. Þetta voru 19 stúlkur sem var skipt í tvennt og mættu þær einu sinni í viku. Þegar námsárangur og mæting þessara stúlkna er skoðaður í lok annar sést að tvær mættu aldrei í tímuna og þrjár eru mjög veikar af kvíða og mættu lítið sem ekkert og skiluðu engum árangri. Tíu stúlkur sýndu betri námslegan árangur á þessari önn en önninni á undan og fjórar sýndu jafn slakan árangur. Því má álykta að um helmingur stúlkanna nutu góðs af þessu námskeiði. Þær sem nýttu sér þetta vel voru almennt mjög ánægðar.

## Stuðningshópar við nemendur

Að venju vorum við með stuðningshópa fyrir nemendur, NÁMS1hn03 einn hóp um haustið og annan um vorið. Nemendur eru valdir inn í þennan hóp vegna þess að þeim gekk mjög illa í náminu önnina á undan. Haustið 2016 voru 13 nemendur, 6 strákar og 7 stelpur. Vorið 2017 voru 17 nemendur, 9 strákar og fjórar stelpur. Tíminn eru þrisvar í viku inn í töflu nemenda. Einn tíma í viku mætir allur hópurinn saman og sinnir heimanámi. Svo mætir annar helmingurinn einn dag og hinn helmingurinn hinn daginn. Nemendur mæta því tvisvar í viku. Á haustönninni var hópnum skipt í tvennt eftir kyni en á vorönn eftir aldri. Þegar hópurinn er hálfur er hann í hópráðgjöf, það er setið er í hring og hin ýmsu verkefni leyst og ýmiss málefni rædd einnig setja nemendur sér markmið fyrir vikuna. Að venju gekk þetta vel, nemendur mættu vel upp til hópa og sköpuðust góðar umræður. Almennt náðu nemendur mun betri árangri þessa önn sem þeir voru í stuðningi heldur en önnina á undan.

## Hugleiðsla

Við prófuðum að vera með opna tíma í hugleiðslu inn í litla herberginu okkar einu sinni í viku. Tímarnir voru auglýstir sem Hugaró og voru á þriðjudögum klukkan 10:10 til 10:30. Í hverjum tíma var farið í líkamsslökun og svo lesin upp hugleiðslusaga. Auglýsingar voru hengdar upp um alla ganga skólans, sett á heimasíðu skólans og sendur einu sinni tölvupóstur á nemendur. Hugaró var í 9 skipti vorið 2017 og mættu 25 nemendur. Mest voru 6 nemendur og minnst einn. Almenn ánægja var með þetta verkefni.

### Námsáætlanir í lífsleikni

Við fórum inn í alla lífsleiknitímana strax um haustið til að kynna okkur og vorum með kynningu á námstækni, þetta var heill tími. Síðan fórum við inn í alla lífsleikni tíma og lögðum fyrir brotthvarfsskimunina PPS. Við fórum síðan þrisvar inn í alla lífsleiknitíma til að gera námsáætlanir, fyrst vorum við með allan hópinn í heilan tíma að útskýra fyrirkomulagið og létum nemendur skrifa á blað fyrstu önnina sína. Síðan var hverjum hóp skipt í tvennt eftir brautum og vorum við tvisvar sinnum í heilan tíma með hálfan bekk inn í tölvustofum að aðstoða þau að gera námsáætlun. Þetta heppnaðist mjög vel.

### Nemendur með sértæka námsörðugleika

Í upphafi hverrar annar fá kennarar senda lista yfir nemendur með greiningar sem þeir kenna á viðkomandi önn. Annars vegar er listi yfir nemendur sem greindir eru með athyglisbrest og hins vegar yfir þá sem greindir eru með dyslexíu. Listunum fylgir bréf þar sem gerð er grein fyrir þeim vandkvæðum sem fylgja viðkomandi námsörðugleikum og eru kennarar beðnir um að taka tillit til erfiðleika nemenda jafnframt því að hvetja þá áfram í náminu. Einnig eru send bréf til kennara ef upp koma sérstakir erfiðleikar eða veikindi í lífi nemenda svo og ef um aðra námserfiðleika er að ræða en þá sem áður eru nefndir. Slík bréf eru send með samþykki nemenda og forráðamanna þeirra ef þeir eru yngri en 18 ára.

Á vorönn 2017 voru **134** nemandi á skrá sem höfðu lagt fram greiningu um námsörðugleika. Þeir skiptast sem hér segir: Nemendur greindir með ADD eða ADHD **49**, ADHD og dylexíu **21**, dyslexíu **64**. Af nemendum með greiningar hættu **27** á milli anna og á önninni. Nemendur með greiningar skiptust þannig á brautir: AN – 7, bóknámsbrautir – 65, íþróttabraut – 19 og listnám – 43. Þessir nemendur þurfa mismikla aðstoð og greinilega hefur komið í ljós að greiningar um námserfiðleika eru ekki það eina sem hefur áhrif á gengi nemenda í námi. Góð skólasókn, ástundun, seigla nemenda og stuðningur og áhugi foreldra og forráðamanna ræður oft úrslitum um hvernig námið gengur.

Af nemendum með greiningar útskrifuðust 12 í lok vorannar, þeir sem útskrifuðust voru af eftirtöldum brautum: 1 nemandi af alþjóðabraut, 2 nemendur af félagsfræðabraut, 1 af hönnunar- og markaðsbraut, 1 af íþróttabraut, 1 af listnámsbraut – leiklist, 4 af listnámsbraut – myndlist, 2 af náttúrufræðibraut.

### Skráning og viðtöl við nemendur sem segja sig úr skóla

Vegna tilmæla frá menntamálaráðuneytinu var haldið utan um upplýsingar um nemendur sem sögðu sig úr skólanum á skólaárinu. Á haustönn 2016 og vorönn 2017 sögðu 11 nemendur sig úr skólanum á hvorri önn. Á báðum önnum voru það 6 strákar og 5 stelpur.

## Sérúrræði í prófum

Sú aðstoð sem nemendur með greinda námsörðugleika fá er einkum fólgin í sérúrræðum í prófum. Skólinn býður öllum nemendum sem telja sig þurfa 30 mínútna lengri próftíma í lokaprófum, próftími er 1 ½ klst. en nemendur mega sitja í 2 klst. Nemendur þurfa að sækja skriflega um önnur sérúrræði hjá náms- og starfsráðgjöfum fyrir hvert prófatímabil. Þau úrræði sem boðið er upp á eru: að fá að vera í fámennri stofu, að fá stækkuð og/eða lituð próf, að fá að hlusta á próf með talgervli bæði á íslensku og erlendum tungumálum, að skrifa próf í tölvu og í sérstökum tilfellum að fá munnlegt próf hjá kennara eftir að lokið hefur verið við skriflegt próf.

Við hældum áfram að nýta okkur talgervilinn í tölvustofum til að leyfa nemendum að hlusta á lokaprófin. Talgervilinn hefur reynst nemendum vel og öll framkvæmd í kringum þau próf gengið vel.

Til að fá aðgang að framangreindum úrræðum þurfa nemendur að skila inn greiningu á sértækum námsörðugleikum, nýrri eða úr efri bekkjum grunnskóla. Nemendur með mikinn kvíða og aðra andlega erfiðleika eða veikindi geta einnig sótt um sérúrræði í prófum.

Í janúar 2017 fengum við í námsráðgjöfinni 6 fartölvur með talgervlum í og gátu nemendur því fengið að hlusta á hlutaprófin sín. Annað hvort komum við tölvur inn í tíma til nemenda eða nemendur tóku prófið í litla herberginu okkar.

## Áhugasviðskannanir

Við leggjum fyrir áhugasviðskönnunina Bendil, sem er rafræn áhugakönnun og hægt er að lesa úr niðurstöðunum strax. Einn nemandi tóku könnun þetta skólaárið. Könnunin er seld á kostnaðarverði eða 2500 krónur.

## Skólakynningar

Opið hús var í Imbruvíkunni sem gekk mjög vel og var mætingin sérstaklega góð í ár.

Við tókum þátt í Íslandsmóti iðn- og verkgreina samhliða stóri framhaldsskóla kynningu sem haldin var í Laugardalshöllinni dagana 16. til 18. mars. Í básnum okkar settum við upp húsgögn frá FG og skreyttum með listmunum. Við fengum nemendur til að kynna skólann með okkur og dreifa bæklingi. Einnig mættu leiklistarnemendur og gegnum um salinn með grímur í bolum merkt FG. Okkar upplifun af kynningunni var mjög góð og mjög margir nemendur komu og litu við hjá okkur.

Anna G. Hugadóttir og Unnur Símonardóttir náms – og starfsráðgjafar FG

## 5.14. Skýrslur kennslustjóra

Skýrslur kennslustjóra. Eins og komið hefur fram í fyrri sjálfsmatsskýrslum hefur starf kennslustjóra verið eflt síðustu ár, gerð kennsluáætlana í einstökum námsáföngum eru gerðar undir þeirra stjórn, ábyrgð á prófagerð svo og eftirlit með kennsluháttum eru í þeirra höndum. Einnig eru kennslustjórnir faglegir leiðtogar í sinni deild. Þeirra mikilvægasta hlutverk er að styðja við faglega vinnu innan sinnar deildar. Á skólaárinu 2016 – 2017 störfuðu 12 kennslustjórar við skólann. Kennslustjórar hittast reglulega á fundum undir stjórn verkefnastjóra og eiga fulltrúa í gæðaráði og á samráðsfundum stjórnenda, sem haldnir eru í hverri viku. Kennslustjórar skila skýrslum til aðstoðarskólameistara í lok hvers skólaárs og svo var einnig að loknu skólaárinu 2016-2017. Skýrslurnar eru ólíkar að gerð enda



endurspegla þær hið margþætta starf sem fram fer. Ekki hefur verið lögð áhersla á að skýrslur kennslustjóra séu á stöðluðu formi heldur miklu fremur miðað við að þær endurspegli það starf sem fram fer í viðkomandi deild.

Í skýrslum kennslustjóra kemur í ljós að kennarar skólans eru leitandi. Þeir eru að þreifa sig áfram með nýja kennsluhætti og notkun á nýrri tækni sem styður kennsluna. Í enskudeildinni er verið að nota fjöldan allan af öppum og forritum til að gera námið fjölbreyttara og betur í takt við nútíma samfélag. Sama má segja í viðskiptadeild þar sem verið er að nota nýja tækni ásamt því að nota samvinnu í meira mæli en áður. Umræðan um smiðjur eru kennslustjórum hugleikin. Mikil ánægja er með þær í stærðfræðideild, enskudeild, viðskiptafræðideild og íslenskudeild. Sumar deildir eru ekki eins ánægðar og telja nýtinguna ekki góða, hér er sérstaklega átt við deild erlendra mála og samfélagsfræðideild. Textíldéildin hefur áhyggjur af fækkun nemenda. Í myndlistadeild er verið að fíkra sig áfram með nýtt námsmatskerfi. Kennarar myndlistadeildar eru farnir að nota sameiginlegan gagnagrunn þar sem kennarar geta samnýtt verkefni. Í raungreinadeild er verið að prufa sig áfram með vandinám í efnafræði. Enn er of snemmt að segja til um árangur. Samfélagsfræðideild telur að með auknu símati, sem leiðir til aukinnar virkni nemenda, hafi árangur nemenda batnað enda kennarar deildarinnar duglegir að nota verkefnastofur og verkefna miðað nám. Nokkrir kennslustjórar nefna áhyggjur af metnaðarleysi nemenda og lítilli virkni þeirra. Eitthvað sem mikilvægt er að bæta. Einhver umræða var um lok annar, ætlum við að halda áfram að vera með lokaprófsviku eða á að auka vægi símats? Þetta er spurning sem við þurfum að svara innan skólans.

Þegar litið er yfir skýrslur kennslustjóra sést að við skólann starfa metnaðarfullir kennarar sem eru óhræddir við að prufa eitthvað nýtt. Kennarar sem hafa áhyggjur af lítilli virkni nemenda en eru um leið tilbúnir til að gera eitthvað nýtt til að auka virkni þeirra og námsárangur.

## 6. LOKAORÐ

Í úttektum mennta- og menningarmálaráðuneytisins á sjálfsmatsaðferðum framhaldsskóla eru tíu atriði lögð til grundvallar sem viðmið. Við teljum þær aðferðir sem beitt er hér við sjálfsmatið uppfylla þessi atriði:

- **Formlegt**, þ.e. fyrir liggur sjálfsmatsáætlun þar sem skýrt kemur fram hverjir skipuleggja og framkvæma matið og hvað er skoðað hverju sinni.
- **Altækt**. Það nær til allra helstu þátta skólastarfsins enda mjög viðamikil. Nemendur, stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn skólans koma með einum eða öðrum hætti að sjálfsmatinu. Yfirumsjón er í höndum gæðaráðs sem fundar vikulega.
- **Áreiðanlegt**. Upplýsingar eru teknar úr bókhaldi skólans, námsferilsskrá, fjarvistaskrá og fleiri tölulegum gögnum sem í raun eru prófuð á marga vegu.
- **Samstarfsmiðað**. Allir starfsmenn koma með einum eða öðrum hætti að sjálfsmatinu, verkaskipting er skýr svo og hver ber ábyrgð á hverjum matsþætti (sjá yfirlit sjálfsmats).
- **Umbótamiðað**. Markmið sjálfsmats er ekki aðeins að uppfylla lög heldur og að gera gott starf betra. Velferð og líðan allra sem hér vinna, bæði nemenda og starfsmanna er stór þáttur í sjálfsmati skólans. Ekki skal vanmeta hlutverk starfsmannafélags á svo stórum vinnustað. Á heimasíðu skólans eru birtar áætlanir um hvaðeina sem skiptir máli í sambandi við líðan þeirra

sem hér vinna, s.s. eins og jafnréttisáætlun, áætlun um vörn gegn einelti, svo og er skólinn með starfsmannastefnu og umhverfisstefnu.

- **Árangursmiðað.** Skólinn setur sér ákveðin markmið sem farið er reglulega yfir í þeim tilgangi að athuga hvort markmiðum skólans hafi verið náð. Hér getur skólinn gert enn betur og í þessari skýrslu eru sett inn töluleg markmið sem skólinn stefndi að. Niðurstöður úttekta sýna að árangurinn var enn betri en stefnt var að.
- **Stofnana- og einstaklingsmiðað.** Sjálfsmatið beinist bæði að stofnuninni sjálfri (þ.e. með því að skoða og efla námsárangur, kennsluhætti ) og einstaklingum innan hennar (menntun kennara, vellíðan nemenda og starfsmanna).
- **Lýsandi og greinandi.** Sjálfsmatskýrsla segir ekkert ef lýsing á starfseminni fylgir ekki og ef yfirsýnina vantar og ef menn missa sjónar á því hvað er vel gert og hvað má betur fara þá hefur slík skýrsla lítið vægi.
- **Opinber.** Skýrslan verður sett á vef skólans og uppfyllir þar með síðasta viðmið ráðuneytisins.

Sjálfsmat er mikilvægur þáttur í starfsemi Fjölbrautaskólans í Garðabæ eins og lög gera ráð fyrir. Í svo viðamikilli starfsemi eins og starfsemi framhaldsskóla er nauðsynlegt að meðvitað sé fylgst með einstökum þáttum, þeir vegnir og metnir með það að leiðarljósi að gera enn betur. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að sífellt eru fleiri atriði sem áhugi er á að skoða. Sjálfsmatsferlið er orðið þróaðra, áætlun um sjálfsmat hverju sinni varðar veginn og reynt er að láta sem flesta í skólasamfélaginu koma að því. Skólaárið 2016 -2017 voru fastir liðir á sínum stað.

Sjálfsmatið kallar á mikla sjálfsskoðun í öllum námsgreinum, spurningar eins og: Hvers vegna kennum við þetta? Er þetta vænlegt til árangurs? Eru kröfur til nemenda sanngjarnar? koma fram og starfsmenn fara í gegnum slíkt ferli þvert á námsgreinar og jafnvel starfsheiti.

Öllum þeim sem tóku þátt í sjálfsmati skólans skólaárið 2016-2017 með einum eða öðrum hætti er þakkað fyrir mikilvægt og gefandi starf í þágu Fjölbrautaskólans í Garðabæ.

Garðabæ, 21. nóvember 2017

Kristinn Þorsteinsson, skólameistari  
 Snjólaug E. Bjarnadóttir, aðstoðarskólameistari  
 Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri